



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um fjölda barna sem búa við fátækt í Reykjavík

Þann 19. janúar 2023 lagði borgarráðsfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands fram svohljóðandi fyrirspurn um fjölda barna sem búa við fátækt í Reykjavík:

Er vitað hversu mörg börn búa við fátækt í Reykjavík? Óskað er eftir upplýsingum um fjölda barna sem eru í þeirri stöðu, eða áætlun ef að tölur liggja ekki fyrir. Einnig er óskað eftir upplýsingum um fjölda barna sem búa á heimilum undir lágtekjumörkum. Óskað er eftir nýjustu upplýsingunum sem til eru.

Fyrirspurninni var vísað til meðferðar velferðarráðs með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 25. janúar 2023.

Svar:

Velferðarsvið býr ekki yfir upplýsingum um heildarfjölda barna sem búa við fátækt í Reykjavík eða um fjölda barna sem búa á heimilum undir lágtekjumörkum. Samkvæmt málaskrá velferðarsviðs var fjöldi barna þeirra foreldra sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu árið 2022 1353 börn. Á tímabilinu janúar og febrúar 2023 var fjöldinn 667 börn. Á biðlista yfir félagslegt leiguhúsnæði voru alls 649 börn í árslok 2022. Skörun kann að vera á milli þessara hópa. Leiða má líkum að því að umrædd börn búi við fátækt sé litið til tekna foreldra.

Hagstofa Íslands hefur tekið saman sérstaka vefsíðu með öllum þeim tölum sem stofnunin gefur út um börn undir 18 ára aldri: <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/born/>. Í Hagtíðindum frá september 2022 er fjallað um lágtekjumörk og skort á efnislegum gæðum á meðal barna á Íslandi. Í samantekt segir m.a. að árið 2021 voru börn á heimilum undir lágtekjumörkum hlutfallslega fleiri heldur en hlutfall allra landsmanna. Börn undir lágtekjumörkum mælast 13,1% en allir landsmenn 8,9%. Sama ár var hlutfall barna sem skorti efnisleg gæði 4,2% samanborið við 3,7% landsmanna. Hlutföll barna undir lágtekjumörkum og sem skortir efnisleg gæði hafa nánast alltaf verið hærrí en sömu hlutföll á meðal allra landsmanna yfir tímabilið 2004-2021. Árið 2020 var Ísland með lægsta hlutfall barna sem skorti efnisleg gæði í Evrópu. (https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_sveitarfelog/MAN0_2001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=9b5ee668-d019-418c-bd13-b993f871aab0)

Ef gengið er út frá því að hlutfall barna sem býr á heimilum undir lágtekjumörkum í Reykjavík sé það sama og annarra barna á landsvísu, eða 13,1% má áætla að fjöldinn á aldrinum 0-17 ára hafi verið 3.600 árið 2021 en þá var fjöldi barna í Reykjavík 27.482. Þann 1. janúar 2023 er fjöldi barna í Reykjavík 28.293, og ef miðað er við sama hlutfall barna undir lágtekjumörkum má áætla að fjöldi þeirra sé um 3.700 á árinu 2023.



Vakin er athygli á því að á Íslandi er ekki til nein skilgreining á fátækt meðal barna. Fræðimenn hafa fjallað um ýmsar leiðir til að skilgreina barnafátækt en fátækt er hægt að nálgast með ólíkum mælingum. Algengast er að miða við ákveðinn punkt í tekjudreifingunni sem kallast lágtekjumörk og eru mæling á lífskjörum. Lágtekjumörk byggja á 60% miðgilda ráðstöfunartekna heimila og þá teljast þau sem eru fyrir neðan þessi mörk á tilteknum tímapunkti búa við hættu eða auknar líkur á fátækt. Ekki er því sjálfgefið að þau sem eru undir lágtekjumörkum búi við fátækt eða skort en að hætta sé á því. Þegar talað er um lágtekjuhluftfall er það hlutfall þeirra sem eru undir lágtekjumörkum. Önnur mæling á fátækt er skortur á efnislegum gæðum. Skilgreind eru sjö viðmið og ef fólk telur að þrennt af þeim eigi við er það talið búa við fátækt eða vera í aukinni áhættu. Ef fleiri atriði en þrjú eiga við er talað um að fólk búi við sárafátækt.

Einnig er bent á eftirfarandi efni sem fjallar um börn og fátækt:

- UNICEF á Íslandi hefur fjallað um ýmislegt er lítur að málefnum barna og árið 2021 var gefið út rit um barnamiðaða greiningu á efnislegum skorti.
- https://unicefceland.cdn.prismic.io/unicefceland/88d9bfbfc-022f-4df4-82c9-dcac9c75faa3_UNICEF+-+Skortskýrsla+2021_loka.pdf
- Skýrsla Kolbeins H. Stefánssonar um Lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016 sem unnin var fyrir Velferðarvaktina. https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Felags-og-fjolskyldumal/Velferðarvaktir/Lifskjor_fataekt_barna_2004-16_28022019.pdf